

Reiðver og söðuláklæði

Mikill fjöldi gripa, sem heyrir til notkunar þarfasta þjónsins komu frá Stokkhólmi. Um er að ræða ýmsan reiðtygjabúnað. Steyptar gjarðahringjur úr kopar, beislisádrættir, beislisstengur, beisli, bæði reiðbeisli og bandbeisli, heilir söðlar í misgóðu ástandi, drifnar látúnsþynnur sem prýtt hafa söðla, söðulreiðar, svipur og fleira. ¹Allt fyllir það þá mynd sem þegar er fyrir í Þjóðminjasafni Íslands. Forvitnileg járnstöð eru meðal gripanna. Ein þeirra eru með ístaðsstokkum úr þreföldu leðri en þeir eru ígildi ístaðsóla. Einn gripur lítur út sem ístað væri nema hvað það er of stórt til að hafa verið nothæft sem slíkt. Gripurinn kallar á frekari gerðfræðilega rannsókn því járníð, efnið, er fornlegt og gæti verið úr ljósabúnaði frá fyrri öldum. Þá er ekki síður forvitnilegt að finna í þessum safnauka reiðinga, dýnur úr grassverði sem lagðar voru á hesta undir klyfbera. Þeir eru til vitnis um að sá búnaður hefur vakið forvitni útlendu safnaranna.

Klyfsöðull og ferðakoffortin tvö sem Rolf Arpi notaði á yfirreið sinni um landið eru meðal safngripanna. Að þeim er mikill fengur. Þessir gripir varpa ljósi á söfnunarsöguna og sýna okkur við hvers konar aðbúnað gripunum var safnað saman áður en þeir voru settir um borð í seglskipin sem sigldu varningnum yfir hafið fyrst til Danmerkur, þaðan sem þurfti að flytja þá til Stokkhólms.

Textílar tilheyrandi reiðmennsku sem bættust við safnkost Þjóðminjasafnsins eru nokkur glituð söðuláklæði. Sum þeirra eru með nokkuð hefðbundnu blómamunstri en önnur eru með rúmflatarmunstri sem minnir á listsköpun um miðja 20. öld. Eitt mjög sérstakt söðuláklæði er í safninu. Það er úr ullardúk með ásaumuðum litríkum bútum sem mynda blómamunstur. Þá er eitt undirdekk úr dökku klæði með útsaumuðu blómamunstri á hornum

Verkfæri og áhöld

Í samræmi við söfnunarstefnu Hazelius hafa menn safnað hér ýmsum áhöldum og tólum sem notuð voru við bústörf. Það eru torfljáir til þess að rista torf til húsbygginga, pálar til að stinga tað eða svörð, reka til þess að moka með, meis til þess að bera í hey á garða, heystingir til þess að losa töðu úr heystabba, nokkrir klyfberar, reiðingar, fléttuð reipi, beisli, hagldir úr tré og horni, hnakkvirki, haft til hefta hross, klafi til að setja um nautshaus, mjólkurfata, bullustrokkur, klára, flórskafa, háfur til fuglaveiða og vaðsteinar.

Þá er nokkuð af áhöldum sem notuð voru við textíliðju. Þrjár vefjarskeiðar úr hvalbeini og er ein þeirra lítil og hefur verið notuð við finni vefnað, knippliskrín, snældur og snældusnúðar. Merkilegur viskur af reirgresi sem ilmar mjög vel en þeir voru settir í fatahirslur til þess að gefa góðan ilm. Athyglisverðri gerð af þvottaklemmum var safnað í Vestur-Skaftafellssýslu en þær eru gerðar úr ærhornum sem í er skorin klauf. Beinþeygar úr lambsleggjum, sem notaðir voru til þess að gata skinn áður en þau voru strekkt á timburþil til verkunar. Áður voru nefndir reiðingar en fjöldi þeirra sem fór til Svíþjóðar sýnir að notkun hestsins hefur vakið athygli safnaranna og lítið er til af varðveittum reiðingum í safninu hér fyrir.

Lilja Árnadóttir

ⁱ Þórður Tómasson. „Þjóðhaginn frá Hnausum“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1985, bls. 5-77; sami. *Reiðtygi á Íslandi um aldiraðir*. Rv. 2003; sami. *Listaett á Austursveitum*. Rv. 2006.